



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskóladeild Ártúnsskóla

2022 – 2023



Árangur - Virðing - Velliðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: **Árangur - Virðing - Vellíðan**

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
3. Innra mat deilda	6
3.1 Innra mat Lágholts	6
3.2 Innra mat Árholt	11
3.3 Innra mat Háholt	13
4. Innra mat sérkennslu	19
5. Innra mat – fjöltyngd börn	20
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	22
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
8. Foreldrasamvinna	22
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
10. Fylgigögn	23



Leiðarljós leikskólans: **Árangur - Virðing - Velliðan**

1. Greinargerð leikskólastjóra

Áskoranir skólaársins 2021-2022 voru þó nokkrar. Veiran var ennþá að valda okkur ama, að hefta för okkar í hinu daglega lífi og átti það einnig við um leikskólalífið. Eins var erfitt að ráða fólk til starfa í leikskólann. Það jákvæða er að starfsfólk er mjög ánægt með styttingu vinnuvikunnar.

Leikskólinn sótti um styrk í þróunarsjóð menntastefnu Reykjavíkurborgar og fengum við úthlutaðan pening fyrir verkefnið, *Sjálfsfelling og jákvæð samskipti barna*. Við unnum með Sjálfsfellingu, félagsfærni, heilbrigði og virkni barna og þátttöku. Markmið verkefnisins er að styrkja börnin til að hafa meiri trú á eigin getu, virkja sterku hliðar þeirra og gera þau færari í samskiptum. Fyrir styrkinn keyptum við námskeið hjá Hugarfrelsi fyrir starfsfólk leikskólans. Á námskeiðinu voru kenndar aðferðir hugarfrelsis, sjálfs styrking, öndun, jóga, slökun og hugleiðsla. Aðferðirnar eru kenndar í gegnum leiki og fjölbreyttar æfingar, breytilegar eftir aldri barnanna. Aðferðirnar miða að því að efla einbeitingu, styrkleika, sjálfsmynd, draga úr kvíða og auka kyrrð og ró barnanna en aðgerðir hugarfrelsis er ekki síður verkfæri til að efla sjálfstraust barna, jákvæðni og vellíðan. Þetta heppnaðist mjög vel hjá okkur og teljum við þetta hafa nýst vel í vinnu með börnum og starfsmönnum og hyggjumst við nýta okkur þetta áfram í leikskólastarfinu á næstu árum.

Við erum ávallt að leita leiða til að minnka álag á starfsmenn, með því að áætla okkur ekki um of í verkefnum, að setja okkur hæfileg markmið í því sem að við viljum vinna með börnunum yfir veturinn, að ætla okkur ekki of mikið. Einnig höfum við hægt og bítandi verið að bæta vinnuaðstöðu og aðbúnað með því endurnýja hluti í þeim mæli sem fjármagn leyfir.

Við stefnum á að vinna meira með umhverfismennt næsta vetur og okkur dreymir um að setja upp útielhdús fyrir börnin í garðinum okkar.

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

2 Ytra mat

2.1 Starfsmannakönnun

Skóla- og frístundasvið gerði könnun meðal starfsfólks leikskólans í mars 2022 og svarhlutfall var 64.7%. Helstu niðurstöður eru þær að margir þættir hafa lækkað frá síðustu könnun og þar hefur covid áhrif á. Styrkleikar leikskóladeildar eru samkvæmt könnuninni jafnrétti og jafnræði og gæði í störfum og þjónustu. Veikleikar eru vinnuálag og starfsmanna stöðugleiki.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Hefur þú of mikið að gera í vinnunni	starfsmannakönnun	starfsmenn	1,67
Telur þú að betri vinnutími/stytting vinnuvikunnar hafi haft jákvæð eða neikvæð háhrif á vinnu þína	Starfsmannakönnun	starfsmenn	3,73



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildarfundir	Að halda áætlun um deildarfundir yfir árið	með því að sleppa ekki fundum þegar það er fundafært og skipuleggja betur fundartíma og fundardagana	Deildarsjórar	sep 2022	maí 2023	Starfsmenn deilda meta á deildarfundum í maí 2022	Að starfsfólk fái reglulega deildarfundir til að samræma sig og ræða saman
Uppeldis- og menntastarf							
Hugarfrelsi	Að nýta öndun sem tæki til að börn geti nýtt sér til að róa sig	Með því að kynna þeim nokkrar öndunaraðferðir svo að þau geti notað það sem höfðar best til þeirra og virkar fyrir þau	Deildarsjórar	sept 2022	maí 2023	Starfsmenn deilda meta í maí 2022	Að börn nýti öndunartækni sem eina leið til að róa sig þegar þess þarf
Mannauður/ Leikskólabragur							



Starfsmanna- félag	Að auka þátttöku starfsmanna í viðburðum	Með hvatningu til þátttöku og samtakmætti	Allir starfsmenn	sept 2022	Maí 2023	Starfsmenn leikskóladeildar í maí 2023	Að efla starfsandann og samheldni starfsmanna

3. Innra mat deilda

3.1 Innra mat Lágholts

Deildin opnaði í sínum venjulega tíma í ágúst og aðlögun barna og flutningar hófust samkvæmt áætlun í september. Að því loknu voru 9 börn í 2018 árgangi og 6 börn í 2019 árgangi. Í nóvember bættist svo við barn meðal 2018 hópsins og voru þá börnin 16 talsins út skólaárið. Breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir skólaárið eins og gengur og gerist en olli það minni frávikum frá starfinu heldur en almenn mannekla og covid. Eftir áramót voru deildarstjóri, börn og starfsfólk frá vegna covid og takmarkaði það starfið en fór aftur á flug að því loknu. Fyrir utan umbótaþætti þá var lögð áhersla á að nota Hugarfrelsi í hvíld, skapa rými fyrir sjálfsprottinn leik barna og unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla til að kenna börnum á tilfinningar, samkennd og félagsleg samskipti.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Aukin tími í listasmíðju með börnunum, bæði frjálsan og markvissan.	Umræður starfsmanna á deildarfundum á skipulagsdegi.	Starfsmenn Lágholts.	Starfsmönnum deildarinnar fannst að núverandi skipulag hefði ekki haft þau áhrif að börnin fengju aukinn tíma í listasmíðju. Vorum við sammála um að betra væri



að færa skipulagið í fyrra horf þar sem listasmiðja væri föst fyrir ákveðna deild/hóp yfir vikuna fyrir og eftir hádegi. Þannig væri hægt að skilyrða tíma fyrir hópastarfið. Okkur fannst þó að mögulega hefði tími minni áhrif á fjölda stunda í listasmiðju og aðgengi frekar vera áhrifaþáttur. Vilji var fyrir að skapa einfalt safn af efnivið í kassa eða körfu sem fljótlega kveikja virkni barna og svo er starfsmaður til staðar til að kynna fleiri valmöguleika til þróunar. Þetta aðgengi væri síðan hægt að nýta inni á deild líka þegar kostur gefst. **Bókun;** skæri þurfa að vera oftari valmöguleiki og aðgengi betra, þó það væri þá amk sjónrænn valmöguleiki. Þurfum að tileinka okkur að sköpun barna er þeirra og við séum til staðar til að virkja þau og aðstoða. Samhæfa vinnubrögð og gera verkin sýnileg á



			ákveðnum stöðum sem börnin eru meðvituð um.
Bæta valkosti og aðgengi þeirra í samverustundum eftir hádegi og gefa börnum kost á að velja hverju sinni en þó þannig að allir valkostir komi fyrir á reglulegu millibili.	Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.	Starfsmenn Lágholts.	Starfsfólk var sammála um að það gengi vel leyfa börnum að taka þátt í að velja hvað væri gert í samveru hverju sinni, að taka þátt í að velja bækur, lög og leiki. Við vorum sammála um að við þyrftum að vera meira meðvituð um orkuna í hópnum og vera tilbúin að breyta til svo þátttaka sé meiri, athygli barnanna sem meiri og vellíðan betri. Starfshópurinn vill sjónræna miða til að kynna fyrir börnum valmöguleika í samveru og gefa öllu orð svo þau geti tjáð vilja sinn betur. Markmiðið að börnin getið orðað áhuga sinn og læri að tjá sig í samveru af sjálfsöryggi og þannig auka þátttöku hvers og eins.
Að auka sýnileika einkunnarorða skólans, ábyrgð virðing og vellíðan á deildinni og	Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.	Starfsmenn Lágholts	Okkur fannst við vera meira meðvituð um einkunnaorðin og nýta þau í samskiptum við börnin en



virka þau í öllu starfi deildarinnar.			bæta mætti með frösum, dæmum, leiðbeiningum. Einnig tengja þessi orð betur við aðra þætti starfsins eins og sköpun, sjálfsprottinn leik og þess háttar.
---------------------------------------	--	--	---

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka aðgengi barna að skapandi starfi	Að auka aðgengi barna að skapandi starfi.	Með því að vera með úrval af skapandi efnivið á aðgengilegum hátt. Annaðhvort þar sem börnin ná til eða sýnilegan svo að börnin getuð auðveldlega fundið það sem þau vilja gera og tjað áhuga sinn við starfsmann.	Deildarstjóri	Ágúst	Nóvember	Verkum barna safnað, skráning á því hvenær aðgengið er nýtt og umræður starfsmanna á deildafundi	Að hvert barn hafi amk nýtt sér aðgengið tvisvar í mánuði.
Auka þátttöku barna í samveru með aðkomu þeirra að hvað er gert hverju sinni.	Að auka þátttöku barna í samveru	Skapað verður sjónrænt val fyrir börnin af því sem	Deildarstjóri skapar sjónrænt skipula	Ágúst	Septembur	Umræður starfsmanna á deildafundi ásamt þátttökuskráningu.	Að almennt taki börn þátt daglega



		hægt er að gera í samveru. Þau síðan velja hverju sinni með atkvæði. Valkostum fækkar yfir vikuna svo þau fái fjölbreytileika í starfinu.	g og kynnir fyrir börnum og starfsfólki				í samveru svo bera meg kennsl á frávik sem þurfa þá frekari hvatningu eða aðstoð.
Að auka meðvitund starfsfólks um einkunnarorð skólans og notkun í starfinu	Að einkunnarorðin verði starfsfólki samt og þau nýtt í starfinu	Að skapa leiðbeiningar, dæmi og frasa sem auðvelda starfsfólki að temja sér einkunnarorðin og hvernig meg nýta þau í samhengi við annað starf á deildinni.	Deildarstjóri	Ágúst	Desember	Umræður á deildarfundi	Að starfsfólk metið það sjálft að einkunnarorðin séu hluti af starfinu
Að lögð sé áhersla á sjálfsprottinn leik barna og að starfsmenn séu virkir leiðbeinendur eða þátttakendur	Að börn fái viðeigandi tíma í sjálfsprottinn leik og að hlúð sé að honum á virkan þátt af öllu starfsfólki á deildinni	Sjálfsprottinn um leik verði gefinn aukinn tími í dagskipulagi eins og krafist er í aðalnámskrá og menntastefnu Reykjavíkur borgar.	Deildarstjóri	Ágúst	Október	Viðtöl við starfsmenn á deildinni. Sjálfsmat og leiðsagnarmat.	Deildarstjóri fylgist með og leiðbeinir og tekur svo leiðbeiningarviðtöl þars sem fer fram sjálfsmat og leiðsagnarmat.



3. 2 Innra mat Árholt

Nýr deildarstjóri tók við deildinni í september. Aðlögun barna var tvískipt í september. Áherslan á deildinni fyrir áramót var aðlögun barna sem gekk vel og skapa dagskipulag sem samræmdist barnahópnum. Foreldraviðtöl voru boðuð í apríl og maí. Hópastarfi lauk í apríl og sumarstarf tók við þar sem áhersla var að aðlaga þau börn sem myndu flytja yfir á Lágholt.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Að skapa ró í leik eftir morgunmat	Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.	Starfsmenn Árhólts	Fundum að það þyrfti að nýta rými betur, loka hurðum á milli stofa, við það skapast meiri ró og starfsmenn voru duglegri að skipta sér á milli rýma.
Innihald hreyfistunda hjá yngstu börnum	Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.	Starfsmenn Árhólts	Starfsmönnum fannst mestu skipta að samræma reglur þegar farið er í sal í íþróttir. Hafa plan fyrir hverja viku, og miðað við getu barna.
Að auka sýnileika einkunnarorða skólans og virkja í starfi á deildinni.	Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.	Starfsmenn Árhólts.	Okkur fannst við alveg vera að sýna orðin á milli okkar í starfi. Þurfum að setja okkur kannski meira inn í hvernig við notum þau til barnana.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hreyfistund	Að koma meiri samræmi á milli hópa og starfsmanna.	Starfsmenn fá sjónrænt plan þar sem þau fylgja.	Deildarsjóri sér um að setja upp plön.	September		Sett verður upp mánaðarplan. Þar sem verður verður unnið með alla þætti, t.d. boltaíþróttir, styrk, jafnvægi og þol. En verður samt sett upp þannig að hvern þáttur verður unnin í mánuð. Sjónrænt skipulag verður sett upp. Þannig það byrjar í september -des svo er byrjað aftur sami hringur frá janúar-maí.	
Skapa meiri ró eftir morgunmat.	Að skapa meiri ró	Með því að nota fleiri rými í húsinu.	Deildarsjóri sér um að starfsmenn deildarinnar framkvæmi.	Ágúst - september		Við munum nota auka stofu þegar allir starfsmenn eru og loka á milli stofa. Starfsmaður 1 tekur á móti börnum, starfsmaður 2 fer í auka rými með þau sem eru búin að klára morgunmat,	



						starfsmaður 3 er með morgunmat og starfsmaður 4 sér um að koma börnum sem eru búin með morgunmat í stofur.	
--	--	--	--	--	--	--	--

3.3 Innra mat Háholt

Við byrjuðum haustið á aðlögun og flutningi á milli deilda. Starfið fór vel af stað þar sem við unnum með sjálfsefningu og samkennd í litlum hópum. Barnahópurinn taldi 23 börn, 12 börn fædd 2016 og 11 börn fædd 2017. Fyrir áramót unnum við verkefni tengd barnasáttmálanum, unnum með Lubbi finnur málbein og einnig vorum við með Blæ stundir þar sem áhersla var lögð á vináttu og svo var útikennslan á sínum stað. Eftir áramót tókum við svo inn Hugarfrelsi þar sem við lögðum meiri áherslu á slökun og öndunaræfingar. Við fundum fljótt hversu mikilvægt þessi þáttur er fyrir almenna líðan bæði fyrir börn og starfsmenn og munum við klárlega auka vægi hans.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Að börnin fái frjálsari hendur í sköpunarvinnu sinni	Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.	Starfsmenn Háholts	Það kom vel út að skipta listasmíðjunni vikulega á milli deilda. Börnin fengu meiri tíma til að vinna verk sín í frjálsri sköpun þar sem ekki þurfti alltaf að taka saman og einnig gátu þau



			<p>haldið áfram næsta dag ef ekki náðist að klára.</p> <p>Starfsmenn voru sammála um að hægt væri að auka tímann enn frekar þar sem börnin fengju að vinna að frjásri sköpun með því að nýta listasmiðjuna einnig þá vikuna sem LH á hana en er ekki að nota.</p>
<p>Að auka sýnileika einkunnarorða skólans, ábyrgð virðing og vellíðan á deildinni og virkja þau í öllu starfi deildarinnar.</p>	<p>Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.</p>	<p>Starfsmenn Háholts</p>	<p>Almennt notuðum við orðin í daglegu starfi en þau voru ekki alveg nægilega sýnileg og börnin mögulega ekki meðvituð um að þetta væru einkunnarorð skólans. Það sem við getum gert betur er að ræða um orðin í samverustundum og hvað þau þýða. Nota þau svo áfram í daglegu starfi þegar við tölum við börnin t.d í fataklefanum um árangur þegar þeim tekst eitthvað sem þau eru búin að vera æfa sig í að gera. Einnig í skipulögðu starfi, að þau séu búin að ná árangri. Eins með vellíðan og virðing þá má nota þau</p>



			við matarborðið, útiveru, hreyfingu og í vináttu verkefnum. Til að gera þetta sýnilega fyrir þeim þá eru einkunnarorðin upp á vegg en það mætti leyfa þeim að mála stafi sem mynda orðin og setja þau inn á deild og í fataklefa þar sem þau væru sýnileg fyrir foreldrum. Börnin myndu taka betur eftir þeim ef þau fengu að búa til orðin sjálf og væri í alls konar litum.
Að auka rólegu stundunum yfir daginn þar sem notast er við hugleiðsluaðferðir og öndun	Umræður starfsmanna á deildarfundi á skipulagsdegi.	Starfsmenn Háholts	Það hefur gengið ágætlega með hvíldina eftir matinn. Starfsmenn byrjuðu á að lesa hugleiðslusögur en það gekk ekki alveg nógu vel svo það var breytt þannig að börnin hlustuðu á hugleiðslursögur frá hugarfrelsi á meðan gat starfsmaður sinnt þeim börnum sem voru óróleg, það kom betur út. Gott að byrja hverja slökun með öndunaræfingu. Í upphafi morgunstundar kl 9 fóru börnin í kjarnastöðu og byrjuðu á einni



öndurnaræfingu sem kom vel út, myndaðist aðeins meiri ró. Seinni partinn eftir val fóru börnin í söngstund sem gekk yfirleitt vel en stundum skapaðist óróleiki. Breyttum við því skipulaginu og skiptum börnunum í 2 hópa í sitthvoru stofuna og reyndist það skapa meiri ró. Þá var farið að lesa og síðan róleg stund ýmist að lita, perla, kubba. Hægt væri að bæta jóga inn í starfið í stað þess að lesa. Taka nokkra jógastöður og hvað þær gera fyrir okkur og svo öndunaræfingar, þar sem börnin eru mjög áhugasöm um jógastöður og erum við með jógastöðu vikunnar. Eftir það væri hægt að fara í rólega stund og hlusta á slökunartónlist. Til þess að ná að festa þessar rólegu stundir í sessi þá er mikilvægt að vinna með fámennari hópa í upphafi.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að auka sýnileika einkunnarorða skólans, ábyrgð virðing og vellíðan á deildinni og virkja þau í öllu starfi deildarinnar.	Að kjörorð skólans séu börnunum og starfsfólkinu samt og hafi daglega þýðingu.	Gerum þau sýnilegri og nýtum þau öllu starfinu. Tengjum þau þegar við segjum sögur, þegar þau skapa eða leika sér.	Allir starfsmenn Háholts	sept 2022	maí 2023	Umræður á deildarfundum og einstaklingsviðtöl við börn. Ljósmyndir af vinnu tengt einkunnarorðunum.	Að starfsfólk hafi tamið sér hugtökin í sem flestum aðstæðum og að sem flest börn hafi einhvern skilning á hugtökunum.
Vináttuverkefni - Barnaheilla	Efla félagsfærni hjá börnunum	Viðhald á Vináttuverkefni Barnaheilla.	Allir starfsmenn Háholts	sept 2022	des 2022	Ljósmyndir af vinnu með Blæ, rýnihópar/umræður á skipulagsdögum/deildarfundum	Að börn viti hver Blæ sé og hvað hann stendur fyrir.
Endurmat barnanna á frjálsa leiknum	Að finna út hvaða leikefni börnunum líkar best	Spyrja börnin hvað var skemmtilegasta leikefnið og hvað mætti betur fara, skrá svörnin og nota myndir.	Deildarsjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	sept 2022	maí 2023	Spyrja börnin og skrá svörin í lok hverrar viku. Endurmeta á deildarfundum.	Að geta nýtt sér hugmyndir barnanna til að auðga starfið.



4. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

<p>Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla var skipulögð út frá þörfum barna, hún var haft utan deildar á meðan verið var að kenna börnum færni og innan deildar til að æfa færni í umhverfi. Við notuðum einstaklingsnámskrá til að setja okkur markmið og atferlisskráningu til fylgja eftir vinnustundum.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS skráning fyrir öll börn eldri en 2 ára Hljóm-2 börn 5 ára og eldri, endurtekið hjá þeim sem sýndu mjög slök eða slök færni EFI-II fyrir börn 3-5 ára Snemmtæk íhutun skráningar fyrir börn yngri en 3 ára</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Spil, bækur, verkefnablöð og smáforrit voru notuð í þjálfun.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	auka orðaforða	orð vikunnar/ málörvunarhópar / fjöltyngd börn	Sérkennslustjóri og deildastjórar	ágúst 2022	maí 2023	orðaforðalisti Menntamálastofnunnar / TRAS/ hæfnirammur	Orðaforði stækkar um 20-100 orð
Snemmtæk íhlutun	skráningar	skrá framför fyrir öll börn	Sérkennslustjóri og deildastjórar	ágúst 2022	maí 2023	Læsissteymisfundir	staða barna er sýnileg
Sjónrænt skipulag	dagskipulag	sjónrænt dagskipulag fyrir börn með sérkennslu	Sérkennslustjóri og deildastjórar	ágúst 2022	maí 2023	Deildastjórafundir	dagskipulag er fyrirsjáanlegt
Viðbragsáætlun	starfsfólk bregst eins við	nákvæm áætlun um viðbrögð	Sérkennslustjóri og deildastjórar	ágúst 2022	maí 2023	Deildastjórafundir	æskileg hegðun



5. Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keyptar voru bækur, spil og önnur gögn
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já, starfsfólk leikskólans á gæða samskipti við hvert barn á leikskóla á hverjum degi. Við setjum orð á alla hluti og athafnir í kringum okkur og grípum hvert tækifæri til að spjalla við börnin. Við hlustum vel á börnin og spyrjum fleiri spurninga til að dýpka samtalið. Tvítyngd börn eru í málörvunarhóp þar sem er verið að vinna með grunnorðaforða og undirbúa sögulestur
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, við notum samverustundir til að dýpka orðaforða barnanna. Á hverjum degi er farið yfir hvaða dagur er, hvernig er veðrið þann dag, hvernig eigum við að klæða okkur í útiveru og fleira sem tengist árstíðinni. Það eru valdar bækur með mismunandi orðaforða og börnin eru spurð út í söguþráð og hvatt til að spyrja spurninga. Svo er gefinn tími til að börn fá tækifæri fyrir að spjalla um sín áhugamál eða málefni sem þau vilja tala um.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við leggjum mat á framförum barna í daglegu starfi og notum TRAS skráningar og hæfniramma til að fylgjast betur með stöðuna þeirra. Auk þess er lagt mat á getu barna í málörvunarhópi tvisvar sinnum á ári.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, við leggjum áherslu á það að öll börn fái jafn tækifæri til að tjá sig. Við sögulestur, við spyrjum börnin hvað hefur gerst í sögunni til að fullvissa okkur um að börnin skilji söguna



	<p>og æfum þannig frásögn. Það er einnig unnið með Lubba í samverustundum.</p> <p>Í málörvunarhópum er lagt áherslu á orðaforða og hljóðin í íslensku. Við notumst við leiki í ípad eins og Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull og Froskaleikurinn. Börnin eru hvött til að eiga samskipti við hvort öðrum og læra að vinna saman.</p> <p>Við vinnum með tilfinningar á margan hátt, notum Blæ sögurnar, tilfinningastikuna og spjall um líðan.</p> <p>Við bjóðum upp á val fyrir börnin þar sem þau fá að vinna með áhugamál sitt og styrkleika.</p>
--	---

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttöku erlendra barna	Halda áfram með áætlun um móttöku erlendra barna	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli.	Stjórnendur og sérkennslustjóri	sept 2022	maí 2023	Deildarstjórafundur	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk fái kynningu um hana
Málörvun	Auka orðaforða	Gefðu 10	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	sept 2022	maí 2023	Orðaforðalisti Menntamálastofnunnar	Orðaforði stækkar um 20-100 orð
Samskipti við foreldra	Aukin samskipti við foreldra, berta upplýsingaflæði	útbúa samskipta-bækur	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	sept 2022	maí 2023	Orðaforðalisti Menntamálastofnunnar	Orðaforði stækkar um 20-100 orð



6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl og tók aðstoðarleikskólastjóri þau. Almenn ánægja var hjá starfsmönnum og vellíðan í vinnunni. Við höfum þann háttinn á að skoða þau fjölmörgu tilboð af námskeiðum sem auglýst eru á hverju skólaári. Stjórnendateymi skólans er vakandi yfir hvaða námskeið henta starfsemi og starfsfólki leikskólans og bregðast við tilboðum þegar þau berast. Enn fremur eru starfsþróunarsamtöl greind og fræðsla ákveðin út frá þeim. Áætlun um starfsþróun næsta árs sjá fylgiskjal 2.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfssamningur á milli grunnskóla- og leikskóladeildar er gerður á hverju hausti og stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmið að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Elstu börnin í leikskólanum fara m.a. í heimsókn í fyrsta bekk, í sögustund á skólabókasafninu, á samverur hjá fyrsta bekk og fara einu sinni í viku yfir veturinn í íþróttir í íþróttasalnum. Þau heimsækja einnig Skólasel og á vormánuðum æfa þau sig að borða í matsal grunnskólans. Næst elstu börnin fara einnig í nokkrar heimsóknir yfir í grunnskólann yfir veturinn og fara tvisvar í mánuði í íþróttir í íþróttasal grunnskólans. Einnig heimsækja nemendur úr fyrsta og fjórða bekk grunnskólans leikskólann en fjórði bekkur er vinabekkur elstu barna leikskólans. Elstu börnin í leikskólanum og fyrsti bekkur vinna samstarfsverkefni á vormánuðum og hittast þá nokkru sinnum og er börnunum þá skipt upp í hópa og eru smíðjur bæði í leik- og grunnskólanum. Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar sjá fylgiskjal 3.

8. Foreldrasamvinna

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekin skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði sitja fimmtán manns. Skólaráð fundar að jafnaði 5 sinnum á ári, fyrsta miðvikudag í mánuði anna hvern mánuð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun,



rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Þessar kynningar fara fram í september og ekki mátti halda þær vegna sóttvarnaraðgerða.

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl.

Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólanum. Atburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólaföndur, páskabingó, halloweenball og þrifadagur. Einnig greiðir foreldrafélagið jólasvein fyrir leitina af jólasveininum og jólaball leikskólans.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu. Starfsdagar skóla ársins 2022-2023 eru:

30. september 2022 , 22. nóvember 2022

2. janúar 2023 , 10. mars 2023 ½ dagur , 19. apríl 2023 ½ dagur , 21. apríl 2023 , 10. maí 2023

Leikskóladagatal sjá fylgiskjal 4.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - starfspróun 2022-2023

Fylgiskjal 3 - Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2021-2022

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal Ártúnsskóla 2022-2023

F. h. Leikskóladeildar Ártúnsskóla 30. ágúst 2022

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Ellen Gísladóttir skólastjóri



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ellen Gísladóttir - skólastjóri

Guðrún Bára Gunnarsdóttir - fulltrúi stjórnenda

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir - fulltrúi leikskóla

Birgitta Thorsteinson- fulltrúi grunnskólakennara

Bárður Steinn Jóhannesson - fulltrúi starfsmanna

Hanna Sóley Helgadóttir - fulltrúi frístundar

Guðmundur Páll Friðbertsson - fulltrúi foreldra

Helga Tryggvadóttir - fulltrúi foreldra

Helga Guðrún Snjólfsdóttir - fulltrúi foreldra

Lára Sigríður Lýðsdóttir - fulltrúi foreldra

Þráinn Fannar Gunnarsson - fulltrúi foreldrafélags

Valdimar Ísfeld Snæbjörnsson - fulltrúi nemenda

Sóldís Perla Marteinsdóttir - fulltrúi nemenda



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:






Reykjavík 30.08.2022

Efni:

Starfsáætlun leikskóladeildar Ártúnsskóla 2022-2023 var lesin yfir af Stefáni Orra Stefánssyni fulltrúa foreldra í skólaráði Ártúnsskóla. Engar athugasemdir komu fram.


Hólmfríður Hafþórsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri Ártúnsskóla

Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla

Námskeið/fræðslufundir/kynningar

Námskeið – fræðslufundir og kynningar	Þátttakendur	Umsjón	Tímamagn	Tímasetning
Haustsmiðjur kennara	Grunnskóla- og leikskólakennarar	SFS	4 – 16 klst.	8. – 12. ágúst
Skólaforðun – Þjónustumiðstöð Austur	Grunnskóla-kennarar	Þjónustumiðstöð Austur	1 klst.	16. ágúst
Hugarfrelsi	Kennarar	Skólastjórnendur	3 klst	17. ágúst
Hegðun barna í skólanum – áskoranir og úrræði	Starfsfólk grunnskóladeildar	Þjónustumiðstöð Austur	3 klst	18. ágúst
Fræðsla um ADHD	Stuðningsfulltrúar og skólaliðar	Reykjavíkurborg	2 klst	18. ágúst
Fræðsla um skólaforðun frá Austurmiðstöð	Kennarar og stuðningsfulltrúar	Skólastjórnendur og Austurmiðstöð	2 klst	19. ágúst – Hlaðan í Gufunesbæ
Hegðun barna í skólanum – áskoranir og úrræði	Stuðningsfulltrúar	Austurmiðstöð	2 – 4 klst	ágúst/september
Lestur og læsi	Kennarar og stjórnendur	Háskólinn á Akureyri	2-8 klst	9. og 10. sept.
UTÍS online	Kennarar og stjórnendur	Stjórnendur	8 klst	23. og 24. sept.
Hugarfrelsi - eftirfylgd	Kennarar	Stjórnendur	4 – 8 klst	Skólaárið 2022-2023
Skyndihjálparnámskeið	Allir starfsmenn	Stjórnendur og Rauði krossinn	4 klst	30. september - starfsdagur
Endurmenntun stjórnenda	Stjórnendur	SFS	6 klst.	September
Útinám og umhverfisfræðsla	Kennarar	Stjórnendur	4 – 8 klst.	Allt skólaárið
Tölvur og tölvufærni	Kennarar	Stjórnendur	10 klst	Haustönn
Jafningjafræðsla	Kennarar	Stjórnendur	10 klst.	Allt skólaárið
Út vil ek	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Gufunesbær	Misjafnt	Allt skólaárið
Heilsuefning starfsmanna	Allir starfsmenn	Teymi heilsuefningar og grænfána	20 klst.	Allt skólaárið
Tækninotkun í kennslu	Grunnskóla-kennarar	SFS - Mixtúra	Misjafnt	Allt skólaárið
Byrjendalæsi	Grunnskóla-kennarar	Háskólinn á Akureyri	20 klst.	Allt skólaárið
Jafningjafræðsla	Grunnskóla – og leikskólakennarar	Stjórnendur	4 – 6 klst.	Allt skólaárið
Öskudagsrástefna	Grunnskóla-kennarar	SFS	4. klst.	22. febrúar
Námsferð	Allir starfsmenn	Ferðanefnd	16 klst.	19. – 21. apríl
Íslensku námskeið	Starfsmenn með annað móðurmál en íslensku	Stjórnendur	20 klst.	Á skólaárinu

Skólastjórnendur áskilja sér rétt til að fella niður námskeið / fræðslufundi eða færa til á skólaárinu.

Samstarfsverkefni grunnskóla- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2021 - 2022

Í Fjólubláa hóp (árg.2016) eru 12 börn og í Bláa hóp (árg.2017) eru 11 börn.

4.bekkur og fjólublái hópur eru vinabekkir, inn í skipulagið hafa verið settar heimsóknir sem snúa að lestri. En ekkert er því til fyrirstöðu að finna fleiri verkefni.

Samstarfssamningur milli grunnskóla- og leikskóladeildar stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu grunnskóla- og leikskóladeildar með það markmið að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Á skólaárinu 2021 - 2022 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði.

	<u>Bókasafn</u>	<u>1.bekkur</u>	<u>Fundir</u>	<u>4. bekkur</u>	<u>Skólasel</u>	<u>Matsalur og hringekja</u>
Ágú/ sept	Aðlögun í leikskóladeild, skipulag unnið.					
Okt	Þri. 5. okt kl. 9:05 Fjólublái hópur á bókasafn		28. okt. - yngri barna teymi		Mið. 20. okt. kl. 9:05 - fjólublái hópur í heimsókn í Skólasel	
Nóv	Þri. 2. nóv. kl. 9:05 Blái hópur á bókasafn	Mið. 10. nóv - kl. 9:05 Fjólublái hópur - heimsókn í 1. bekk		Þri 23. nóv kl. 9:05 4. bekkur heimsækir allan leikskólann og les fyrir börnin -		
Des		3. des. - fjólublái hópur á samveru 1. b kl. 8:25 Mið 15. des kl. 9:05				



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Fylgiskjal 3

		heimsækir 1.b fjólubláa hóp á leikskóla og syngja jólalög og skiptast á jólakortum				
Jan	Þri 4. jan. kl. 9:05 Fjólublái hópur á bókasafn		20. jan - yngri barna teymi	Þri. 11. jan kl. 9:05 4. bekkur heimsækir allan leikskólann og les fyrir börnin	Mið. 19. jan kl. 9:05 - fjólublái hópur í heimsókn í SKólasel	
Feb	Þri. 22. nóv kl. 9:05 Blái hópur á bókasafn	Mið 23. feb.- kl. 9:05 Fjólublái hópur - heimsókn í 1. bekk	24. feb - yngri barna teymi			
Mar	Þri 8. mars kl. 9:05 Fjólublái hópur á bókasafn		10. mars - yngri barna teymi			Hringekja - samvinnuverkefni 1. bekkjar, frístundar og fjólubláahóps
Apr	Þri. 26. apr kl. 9:05 Blái hópur á bókasafn			Þri 5. apr. kl. 9:05 4. bekkur heimsækir allan leikskólann og les fyrir börnin	Mið. 27. apríl kl. 9:05 - fjólublái hópur í heimsókn í Skólasel	
Maí		Mið 4. maí - kl. 9:05 Fjólublái hópur - heimsókn í 1. bekk 6. maí - fjólublái hópur á samveru 1. b kl. 8:25 Opið hús í leikskóla - 1. bekk boðið í heimsókn dags. kemur síðar	Skilafundur frá leikskóla 4. maí kl. 10 19. maí - mat á hringekjum teymisins			Víkuna 16. - 20. maí borðar Fjólublái hópur í matsal grunnskólans

Íþróttatími í íþróttahúsi

Fjólublái hópur fer í íþróttahús á fimmtudögum kl. 10:05 - 10:45. Blái hópur fer með þeim í annað hvert skipti yfir veturinn.

Íþróttatími í íþróttahúsi í vetur þar sem að leikskólabörnin fá að nýta þau tæki, tól og það rými sem er í íþróttahúsinu með leikskólakennurum sínum.

Heimsóknir í 1. bekk

Í heimsóknunum munu leikskólanemendur hitta nemendur 1. bekkjar sem eru mörg hver fyrrum leikskólafélagar þeirra, fá að kynnast kennslustofu, vinna í kennslustund, borða nesti og fara í frímínútur.

Skólasafn

Sögustund/kennslustund á skólasafn skólans, lesin er saga fyrir börnin og þau skoða bókasafnið og bækur safnsins.

Skólasel

Skólasel, leikskólabörnin fara í heimsókn í Skólasel kynnast húsnæði og efnivið.

Samverur

Á föstudagssamverum í grunnskólanum sjá leikskólabörnin afrakstur bekkjanna sem eru með samverur.

1. bekkur úr Ártúnsskóla:

1. bekkur heimsækir Fjólubláa hópinn í leikskólann í desember, syngja með þeim jólalög og skiptast á jólakortum. Boðið upp á veitingar. Í maí verður opið hús í leikskólanum. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Nemendum í 1. bekk verður boðið í heimsókn í leikskólann að skoða verkin sem verða til sýnis.

Eldri nemendur – heimsókn:

Nemendur úr 4. bekk munu heimsækja leikskóladeildina og lesa stuttar sögur og ljóð fyrir leikskólanemendur

Samstarfsverkefni

Fjólublái hópurinn mun vinna þemaverkefni með 1. bekk og frístund á vordögum. Skipulag í umsjón 1. bekkjarkennara, forstöðumanns frístundar og forstöðumanns námsvers ásamt deildarstjóra Háholts.

Fulltrúar nemenda úr Fjólubláa hóp funda a.m.k. 3 fundi með umhverfisnefnd grunnskólans þ.e. undirbúningsfund að hausti, aðalfund að hausti og vorfund. Starfar með grunnskólanum að verkefnum eins oft og þörf er á.

Borðar hádegisverð í mötuneyti grunnskólans til að kynnst þeirri rúttínu og æfa sig fyrir komandi grunnskólagöngu.

<p style="text-align: center;">Ágúst</p> <p>Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi Foreldraviðtöl vegna nýrra barna</p> <p style="text-align: center;">September</p> <p>Aðlögun nýrra barna Litadagur Foreldrafundir Hópastarf hefst á deildum 26. Evrópski tungumáladagurinn 30. STARFSDAGUR</p> <p style="text-align: center;">Október</p> <p>Bleikur dagur Aðalfundur foreldrafélagsins Foreldrakaffi = foreldrum boðið inn á deild að morgni dags 27. Alþjóðlegi bangsadagurinn</p> <p style="text-align: center;">Nóvember</p> <p>8. baráttudagur gegn einelti = unnið með vináttu 16. dagur íslenskrar tungu = samvera í sal 22. STARFSDAGUR Jólafondur foreldrafélagsins Litadagur foreldrasamtöl</p> <p style="text-align: center;">Desember</p> <p>Hópastarf í frí = jólastemning á deildum Fullveldisdagurinn 1. desember = samveru- stund í sal piparkökubakstur barna 1. bekkur og elstu börnin skiptast á jólakortum Leitin af jólasveininum = Foreldrum boðið með Jólasveinahúfudagur og rauður dagur Jólasýning á Árbæjarsafni (árg.2017) Jólamatur og jólaball</p>	<p style="text-align: center;">Janúar</p> <p>2. STARFSDAGUR 6. þrettándinn = dönsum út jólin 20. Bóndadagur = Þorrablót í hádegi Hópastarf hefst aftur Dótadagur Vasaljósadagur</p> <p style="text-align: center;">Febrúar</p> <p>6. Dagur leikskólans 20. Bolludagur = Börnin baka brauð- bollur og borða í síðdegishressingu 21. Sprengidagur = saltkjöt í matinn 22. Öskudagur = furðufataball í sal kötturinn sleginn úr tunnunni</p> <p style="text-align: center;">Mars</p> <p>10. 1/2 STARFSDAGUR EFTIR HÁDEGI Foreldrakaffi = foreldrum boðið inn á deild að morgni dags Hrósdagur 21. alþjóðlegi downs = misliti sokkad.</p> <p style="text-align: center;">Apríl</p> <p>2. Dagur einhverfunnar = Blár dagur 19. síðasta vetrardagur = Náttfatadagur 19. 1/2 STARFSDAGUR EFTIR HÁDEGI 21. STARFSDAGUR 25. dagur umhverfis Foreldrasamtöl Barnamenningarhátíð</p> <p style="text-align: center;">Máí</p> <p>10. STARFSDAGUR Opið hús Elstu börnin í grunnskólaheimsókn með foreldrum sínum Útskriftarferð elstu barnanna Útskrift elstu barnanna Foreldraviðtöl vegna nýrra barna Sveitaferð leikskólans (foreldrafélag)</p> <p style="text-align: center;">Júní</p> <p>Sameiginlegt grill með grunnskólanum Íþróttahátíð í leikskólanum Útidótadagur</p> <p style="text-align: center;">Júlí</p>
<p><i>Leikskóladagatalið er áætlun sem er svo sett upp í dagskrá fyrir hvern mánuð, hengt</i></p>	

[Upp í fataklefum og foreldrar fá sent í pósti](#)

Leikskólinn lokar í fjórar vikur